

Stofnfiskur hf.  
Staðarberg 2-4  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 18. nóvember 2019  
UST201811-093/F.T.  
08.12.02

### **Efni: Staða frávika**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 18. desember 2018 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum sem skráð voru í eftirliti þann 8. nóvember sl. hjá Stofnfiski, Kirkjuvogi. Þann 14. janúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila en síðan þá hefur rekstraraðili reglulega sent stofnuninni upplýsingar um framvindu úrbóta.


#### **Frávikan eru eftirfarandi:**

- 1. 6. gr. laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.** Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf gilt starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndum. Starfsleyfi stöðvarinnar sem var gefið út af Heilbrigðisnefnd Suðurnesja rann út árið 2013 og hefur ekki verið endurnýjað. Samkvæmt úrbótáætlun rekstraraðila var matskyldufyrirspurn send Skipulagsstofnun þann 4. júlí sl. Skipulagsstofnun sendi rekstraraðila bréf með ábendingum og leiðréttингum og þarf rekstraraðili að uppfæra matskyldufyrirspurnina m.t.t. þeirra og senda Skipulagsstofnun uppfærða skýrslu. Rekstraraðili áætlar að skila skýrslunni til stofnunarinnar í lok nóvember og hyggst senda Umhverfisstofnun tilkynningu þegar henni hefur verið skilað. Áætlað er að skila inn umsókn um starfsleyfi í framhaldi af því. Sótt verði um undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðherra á meðan beðið sé afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi. Stofnunin fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en mun fylgjast með því að framvinda úrbótanna verði innan eðlilegra tímamarka.
- 2. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og 18. gr. laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.** Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar vantaði. Uppfært áhættumat barst 28. febrúar sl. Frávikanu telst því lokið.
- 3. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.** Neyðaráætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar vantaði. Í úrbótáætlun rekstraraðila kemur fram að neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar komi fram í VR-A34 og verði sú verklagsregla tekin upp í Kirkjuvogi og viðeigandi starfsmenn innleiði regluna. Neyðaráætlun hefur verið send stofnuninni og telst frávikanu lokið.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasiðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Hulda Soffia Jónasdóttir  
sérfræðingur



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Suðurnesja